

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]
um uppbyggingaráætlun fyrir Skeggjastaðahrepp í Norður-Múlasýslu.

Flm.: Helgi F. Seljan, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefjast handa um gerð áætlunar um alhliða uppbyggingu í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu. Áætlunin verði unnin af Landnámi ríkisins í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins á grundvelli ítarlegra tillagna og gæð. frá Búnaðarsambandi Austurlands.

Áætlunin taki mið af eftirfarandi höfuðatriðum:

1. Landbúnaður í Skeggjastaðahreppi verði eflður með sérstöku átaki með það markmið í huga að koma upp fullnægjandi aðstöðu til búskapar á minnst 16 lögbýlum, svo að þar verði hagkvæm skilyrði til búrekstrar og viðunandi íbúðarhúsnæði. Fjármagnsútleiðing í formi óafturkræfra framlaga og lána verði við það miðuð, að áhúendur leggji fram í upphafi allt að 15% heildarkostnaðar. Auk lögbodinna lána og styrkja verði veittir sérstakir styrkir og lán með hagstæðum kjörum.
2. Framkvæmdum þessum verði komið í kring á næstu 5 árum og fjármagnsútleiðing og undirbúningur við það miðuð, að þær geti hafist sumarið 1976. Ræktun lands og afréttargirðingar skulu hafa forgang í landbúnaðaráætluninni.
3. Sérstök áætlun verði gerð um útgerð og fiskvinnslu með tilliti til eflingar Hafnarborps. Félagsleg þjónusta verði tryggð og til þess séð, að skortur á íbúðarhúsnæði hindri ekki þá nauðsynlegu þróun þorpsins, sem haldast þarf í hendur við uppbyggingu í sveitinni. Tryggt verði sérstakt lánsfé og fjárframlög til framkvæmdanna í þorpinu.
4. Framkvæmd áætlunarinnar skal vera í höndum Landnáms ríkisins og Framkvæmdastofnunar ríkisins í náinni samvinnu við hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps og Búnaðarsamband Austurlands.

Greinargerð.

Aðalástæður þessa tillöguflutnings koma í raun fram í prentuðu fylgiskjali frá Búnaðarsambandi Austurlands og hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps, en þar er að finna ítarlegt yfirlit um núverandi ástand búskapar í Skeggjastaðahreppi og þróunina s. l. ár. Þar er einnig að finna skýrar tillögur um ráð til úrbóta, sem við flutningsmenn byggjum að mestu á þingsályktunartillögu okkar. Hnignun búskapar og alvarleg hættu á eyðingu byggðar eru þær höfuðorsakir, sem jafnt heimaaðilar og við flutningsmenn höfum að leiðarljósi og valda því framar öðru, að hart þarf við að bregða. Þar að auki er hér um samtengda þætti að ræða, sem varða annars vegar öryggisleysi í litlu þorpi, atvinnu- og félagslegt, og hins vegar núverandi stöðu sveitarinnar, sem að liggur, en búskap hefur hnignað þar mjög undanfarin ár.

Brýnustu verkefnin koma fram í tillögugerðinni sjálfri, átak í uppbyggingu sveitarinnar, sem felst í áætlun um minnst 16 lögbýli, þar sem búskaparaðstaða yrði viðunandi og efling þorpsins á Höfn, þar sem bætt hafnaraðstaða yrði aðalþátturinn ásamt átaki í húsnæðismálum.

Í þessu sambandi skal sérstök áhersla lögð á tvennt:

- 1) Sveitin er af kunnugustu mönnum talin einkar vel fallin til sauðfjárbúskapar, þar eð landgæði og landrými fara saman í ríkum mæli.
- 2) Rétt við bæjardyrnar eru fengsæl fiskimið, en um sumarútgerð eina er að ræða sakir ónógrar hafnaraðstöðu. Þetta fámenna sveitarfélag skilar í dag tugmilljónum í þjóðarþúið, þó að aðstæður allar séu svo erfiðar sem raun ber vitni.

Þótt um verulega aðstoð yrði að ræða í formi lánsfjár og beinna styrkja, mundi fjármagnið skila sér margfalt á fáum árum.

Fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um ástand mála nú og ákveðnar tillögur til úrbóta, sem okkur þykir rétt að komi fram á Alþingi að meginstofni.

Áætlanagerð á af þessum ástæðum að vera auðunnari, sérstaklega þar sem heimamenn hafa hér unnið svo mikið undirbúningsstarf sem fram kemur í prentuðum fylgiskjölum þessarar þingsályktunartillögu.

Sjálfsgætt er, að áætlunina geri Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, og Landnám ríkisins, sem þegar hefur fengið tillögur og greinargerð hér að lútandi. Hins vegar er ákveðið lagt til, að heimamenn taki þátt í framkvæmd ásamt þessum tveim framantöldu stofnunum, þ. e. þeir veiti nauðsynlega leiðsögn, og öll áætlanagerðin verði unnin í fullu samráði við heimaaðila.

Svipuð átök hafa áður verið gerð eða eru í framkvæmd til stöðvunar byggðar-eyðingar og skipulegs uppbyggingarstarfs. Nægir að minna á Inn-Djúpsáætlun og viðhald byggðar á Hólsfjöllum og Efra-Fjalli. Það, að hér er lagt til, að um 5 ára áætlun verði að ræða og að framkvæmdir hefjist þegar á árinu 1976, stafar einfaldlega af því, að fljótt og myndarlega þarf við að bregðast og allur dráttur á framkvæmdum getur stefnt framtíð þessa annars blómlega byggðarlags í auðn.

Hin víðtæka gagnasöfnun og ítarlega tillögugerð, sem þegar liggur fyrir, og sérstaklega hið mikla starf Páls Sigbjörnssonar héraðsráðunautar Búnaðarsambands Austurlands þarf og á að nýta sem fyrst. Því er lögð áhersla á það, að áætlunargerð hefjist nú þegar hjá þeim tveimur opinberu stofnunum, sem nú eiga að taka við niðurstöðum að heiman. Að öðru leyti vísast til greinargerðar og tillagna þeirra, sem fylgja hér með og segja meira en öll orð í greinargerð okkar gætu sagt. Varðandi þorpið og eflingu þess vísast í framsögu fyrir tillögunni.

Fylgiskjal.

Greinargerð með tillögum um ráðstafanir til að koma í veg fyrir eyðingu byggðar í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.

Greinargerð þessi byggist á heimildum, sem safnað var af fulltrúum hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps og ráðunautum Bsb. Austurlands við könnun á búskaparástandi og viðhorfum ábúenda í Skeggjastaðahreppi haustið 1974. Enn fremur er stuðst við upplýsingar í 10 ára framkvæmdaáætlun um byggingar og ræktun hjá bændum í Múlasýslum, sem gerð var af ráðunautum Bsb. Austurlands fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins í árslok árið 1973.

Þróun byggðarinnar undanfarna áratugi.

Ekki fer á milli mála að hraðfara stefnir að því, að byggðin í Bakkafirði leggist alveg af, ef ekkert sérstakt verður gert til að koma í veg fyrir það. Sömu örlög mundu bíða þéttbýlisins á Höfn (Bakkafirði), ef sveitin legðist í eyði.

Tafla I sýnir greinilega hvert stefnir. Á tímabilinu 1930—1973 hefur fólksfækkunin numið 69% og síðasta árið fækkar enn verulega, þannig að íbúafjöldi er ekki orðinn $\frac{1}{4}$ af því sem hann var áður. Á sama tíma hefur lögbylum í byggð fækkað um 62%. Tafla II, sem sýnir aldur íbúanna, ber með sér að útlitið með

Tafla I.
Breytingar á tölu ábúenda, lögbýla og íbúa frá 1930.

Ártal	Ábúendur		Lögbýli		Íbúar	
	Tala	Fækkun %	Tala	Fækkun %	Tala	Fækkun %
1930	40	—	29	—	222	—
1940	40	0	29	0	215	3
1950	34	15	26	11	145	35
1960	26	35	20	31	112	50
1970	18	55	15	48	76	66
1973	17	58	13	55	69	69
1974	11	72	11	62	48	78

viðhald byggðarinnar er enn verra en fólksfækkunin ein gefur til kynna, vegna þess hvað ábúendur margir eru orðnir rosknir.

Tekið skal fram, að árið 1974 eru ábúendur taldir í töflunni þannig, að ekki er talinn nema einn ábúandi þótt tveir menn vinni saman á sama búi.

Tafla II.
Skipting íbúa og ábúenda í aldursflokka.

Aldur	Tala íbúa	Tala húsbænda	Tala húsfreyja
0—19 ára	17	0	0
20—29 —	4	0	0
30—39 —	4	1	2
40—49 —	4	1	1
50—59 —	9	5	4
60—69 —	7	3	4
70 ára og eldri	3	2	0

Taflan sýnir að hlutfallslega margt af húsráðendum er roskið fólk og getur ekki átt langan búskaparferil fram undan.

Á 5 heimilanna eru börn í ómegð og skólaaldri, á tveimur heimilunum er barnmargt, 5 á hvoru.

Tafla III sýnir túnstærðir, heyfeng (árlegan) og bústærðir á einstökum húm. Ekki þykir ástæða til að gefa upp nöfn á bæjunum í þessari töflu eða í töflum, sem fara hér á eftir, þar sem sumt af því, sem fram kemur í þeim, er trúnaðarmál. En bæjunum verða gefin númer, sem þeir halda.

Alls staðar er stundaður einhliða sauðfjárbúskapur. Búin eru smá og túnstærðir og heyskapur er í góðu samræmi við bústærðir.

Tafla IV sýnir byggingar á hverju einstöku býli, þ. e. a. s. íbúðarhús, fjárhús og hlöður, enn fremur áætlaðar byggingarframkvæmdir, ræktun og girðingar.

Í áætlanagerðinni er jörðunum skipt í 3 flokka. Í fyrsta floknum eru 5 jarðir (nr. 1—5). Þar virðist búskapur nokkuð tryggður til frambúðar, ef fámenni sveitarinnar rekur menn ekki af búunum, og áætlanir eru þar uppi um að stækka búin og bæta aðstöðuna. Í öðrum flokki eru aðrar byggðar jarðir í sveitinni (nr. 11—16) sem eru 6. Þar eru ekki uppi áætlanir um að gera framkvæmdir. Á helmingnum af þessum jörðum (nr. 11—13) er aldrei fólk, sem tæplega getur haldið áfram búskap mörg ár enn. Á hinum búunum þremur hafa ábúendurnir hvorki þörf né vilja til að stækka við sig, en mestar líkur til að þeir haldi áfram búskap um nokkurt árabil. Í þriðja floknum eru svo 5 eyðibýli (nr. 6—10). Þau eru öll

Tafla III.
Bústærðir, túnstærðir og heyfengur á einstökum býlum, árslok 1974.

Nr. á búi	Tala sauðfjár	Tala nautgripa		Tala hrossa	Túnst. ha	Meðal-heyf. m ²
		kýr	geldn.			
1	301	1	1	1	26,6	720
2	294	1	1	2	28,6	950
3	214	2	1	2	14,0	550
4	311	2	0	1	34,2	1 250
5	209	1	0	1	14,7	570
11	218	1	0	2	22,4	750
12	251	1	0	3	18,7	600
13	98	0	0	0	11,2	400
14	159	0	0	2	15,3	600
15	327	2	0	4	19,5	973
16	188	2	1	0	25,5	800

góðar bújarðir, flest með allmiklum mannvirkjum. Tvö nýlega komin í eyði og svipað á vegi stödd og byggðu býlin. Þriðja eyðibýlið, sem nýfarið er í eyði, er ekki áætlað að endurbyggja, heldur er gert ráð fyrir að það sé sameinað byggðri jörð (nr. 5). Landrými þessara jarða heggja er hóflega mikið fyrir eitt býli. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fjárhús og hlaða á þessu eyðibýli verði keypt til nota á jörð nr. 5.

Áætlaðar framkvæmdir í töflu IV eru miðaðar við það, að á búunum 1—5 (það eru byggð býli, þar sem ábúendur hugsa til bústækkunar) verði komið upp að-

Tafla IV.
Íbúðarhúsbyggingar á einstökum jörðum og stærð á fjárhúsum og hlöðum, enn fremur áætlaðar byggingar, ræktun og girðingar.

Nr. á býli	Íbúðarhús		Fjárhús			Hlöður		Áætlað að gera		
	til	áætl. nýbygg.	til			til	áætl. nýbygg.	Vélag. m ²	Rækt. ha	Girðing km
			góð	léleg	áætl. nýbygg.					
1	1	0	200	150	250	1 300	0	80	11	6
2	2	0	350	0	100	1 000	500	0	8	3
3	1	0	0	300	450	500	1 000	80	15	4
4	1	ón. nýb. 100%	140	210	250	1 000	0	0	0	3
5	1	0	200	0	200	550	600	80	10	4
6	1	viðg. 15%	250	0	160	450	600	0	16	4
7	1	— 25%	220	0	200	(250)	1 200	0	16	3
8	1	— 80%	0	0	350	0	1 200	0	26	6
9	1	— 25%	0	0	350	0	1 200	0	20	5
10	0	100%	0	0	350	0	1 200	0	25	3
11	1	0	220	0	0	550	0	0	0	3
12	1	0	300	0	0	400	0	0	0	3
13	1	0	200	0	0	400	0	0	0	3
14	1	0	400	0	0	1 000	0	0	0	4
15	1	0	280	0	0	760	0	0	0	5
16	1	0	240	0	0	500	0	0	0	3

stöðu til að hafa 350—450 kinda bú. Fjárhús verði stækkuð að því marki og ræktun og hlöðubyggingar stækkað í samræmi við það. Reiknað er með lítið eitt stærri búum þar sem stórar fjölskyldur eru.

Á jörðunum nr. 6—10, sem nú eru í eyði, er reiknað með að koma upp samþætilegri aðstöðu og á hinum 5. Íbúðarhús eru fyrir hendi á öllum nema einu og allmiklar byggingar á tveimur. Viðgerðarkostnaður er áætlaður í prósentum af nýju húsi, en það er mjög lausleg áætlun.

Á býlunum nr. 11—16 eru engar framkvæmdir áætlaðar nema girðingar. En reiknað er með, að allir ábúendur sveitarinnar standi saman að því að gera afreittargirðingu og girði hver fyrir sínu landi. Öllum ábúendum ber saman um að slík girðing væri eitt það gagnlegasta, sem hægt væri að gera öllum bændunum til hagsbóta.

Engin áætlun er gerð um byggingu fjósa eða hesthúsa. Víðast eða alls staðar eru þær byggingar til.

Tafla V.
Framkvæmdaáætlun fyrir hverja einstaka jörð miðuð við framkvæmdaáætlun í töflu IV.

A. Jarðir nr. 1—5, byggðar jarðir þar sem stækkun er fyrirhuguð.

Nöfn framkvæmda	Jörð nr. 1 þús. kr.	Jörð nr. 2 þús. kr.	Jörð nr. 3 þús. kr.	Jörð nr. 4 þús. kr.	Jörð nr. 5 þús. kr.
Íbúðarhús	0	0	0	5 000	0
Fjárhúsbyggingar	2 400	1 200	5 400	3 000	1 000
Hlöður	0	1 000	2 000	0	1 000
Vélagæmslur	500	0	500	0	500
Ræktun	440	320	600	0	400
Girðingar	800	400	550	400	550
Samtals	4 140	2 920	9 050	8 400	3 450
Fjármögnun:					
Styrkir B. Í.	452	285	937	435	112
Lán Stofnlánad.	1 910	1 380	4 410	2 620	1 110
Eigið fé 15%	621	438	1 358	1 260	580
Vantar fjárm.	1 157	817	2 345	4 085	1 710

B. Jarðir nr. 6—7, nú óbyggðar.

Nöfn framkvæmda	Jörð nr. 6 þús. kr.	Jörð nr. 7 þús. kr.	Jörð nr. 8 þús. kr.	Jörð nr. 9 þús. kr.	Jörð nr. 10 þús. kr.
Íbúðarhús	750	1 250	4 000	1 250	5 000
Fjárhúsbyggingar	1 920	2 400	4 200	4 200	4 200
Hlöðubyggingar	1 200	2 400	2 400	2 400	2 400
Ræktun	640	640	1 020	800	1 000
Girðingar	530	400	600	650	400
Vélar	2 000	2 000	2 000	2 000	2 000
Bústofn	1 400	1 400	1 400	1 400	1 400
Samtals	8 440	10 490	15 620	12 700	16 400

(Tafla V, frh.)

B. Jarðir nr. 6—7, nú óbyggðar.

Nöfn framkvæmda	Jörð nr. 6 þús. kr.	Jörð nr. 7 þús. kr.	Jörð nr. 8 þús. kr.	Jörð nr. 9 þús. kr.	Jörð nr. 10 þús. kr.
Fjármögnun:					
Styrkur skv. jarðræktarlögum	500	540	825	805	765
Lán Stofnlánad.	3 483	4 458	6 240	5 518	6 100
Eigið fé 15%	1 266	1 574	2 326	1 905	2 460
Vantar fjármagn	3 191	3 918	6 229	4 472	7 074

C. Jarðir nr. 11—16. Jarðir með engar framkv. nema girðingar.

	Nr. 11 þús. kr.	Nr. 12 þús. kr.	Nr. 13 þús. kr.	Nr. 14 þús. kr.	Nr. 15 þús. kr.	Nr. 16 þús. kr.
Girðingar	400	400	400	530	650	400
Fjármögnun:						
Styrkur skv. jarðræktarlögum	60	60	60	80	100	60
Lán Stofnlánad.	120	120	120	160	200	120
Eigið fé 15%	60	60	60	80	100	60
Vantar fjármagn	160	160	160	210	250	160

Í töflu V er heildarstofnkostnaður, styrkir og lán áætlað á eftirfarandi hátt:
Íbúðarhús áætluð að kosti 5 000 þús. kr., lán á þau 1 millj. kr.

Fjárhús yfir hverja kind 12 þús. kr., lán 50% af því, styrkur 1 500 kr. á kind (djúpur kjallari).

Hlöður 2 000 kr. hver rúmmetri, lán 50%, styrkur 150 kr. pr. m³. Vélageymslur með sama kostnaði á m³.

Ræktunarkostnaður áætlaður 40 þús. kr. ha. Jarðabótastyrkurinn dreginn frá strax og ekki talinn með í heildarkostnaði og þá ekki heldur með í styrk. Lán á ha. 20 þús. kr.

Kostnaður við girðingar 133 þús. kr. á km, styrkur 20 kr. á metra, lán 40 þús. kr. á km.

Ekkert fjármagn er áætlað til vélakaupa eða fjölgunar búfjár á byggðum jörðum, en á óbyggðu býlunum nr. 6—10 eru áætlaðar 2 millj. kr. til vélakaupa á hverju býli og reiknað með að til þeirra fáiast veðlán í Stofnlánadeild 480 þús. kr. á hvert (þ. e. lán á 2 dráttarvélar). Á þeim jörðum eru áætlaðar 1 400 þús. kr. til bústofnskaupa og reiknað með að helmingur af því fáiast að láni. Það svarar til þess að keyptar væru 350 kindur á 4 000 kr. stk. og að 2 000 kr. lán fáiast á hverja kind.

Tafla VI.
Heildarfjármagnsbörf fyrir áætlaðar framkvæmdir.

Fjárfestingarliðir	Byggð býli nr. 1—5 þús. kr.	Auðar jarðir nú, nr. 6—10 þús. kr.	Byggð býli nr. 11—16 þús. kr.	Fjármagns- börf samtals þús. kr.
Íbúðarhúsbýggingar	5 000	12 250	—	17 250
Fjárhúsbýggingar	14 000	16 920	—	30 920
Hlöðubýggingar	3 000	10 800	—	13 800
Vélageymslur	1 500	—	—	1 500
Ræktun	1 760	4 100	—	5 860
Girðingar	2 700	2 580	2 780	8 060
Vélakaup	—	10 000	—	10 000
Bústofnskaup	—	7 000	—	7 000
Samtals	27 960	63 650	2 780	94 390
Fjármögnun:				
Styrkur skv. lögum	2 221	3 435	420	6 076
Lán úr Stofnlánad.	11 430	25 799	840	38 069
Eigið fé 15%	4 195	9 531	420	14 146
Vantar fjármagn	10 114	24 885	1 100	36 099

Tafla VI sýnir, hvernig heildarfjármagnsbörf fyrir allar áætlaðar framkvæmdir skiptist niður á framkvæmdaliði og jarðaflokka, einnig kemur fram, að hve miklu leyti jarðabótastyrkur skv. jarðræktarlögum og hefðbundin lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins hrökkva til fjármögnunar. Fram kemur, að þegar þetta fjármagn ásamt 15% af heildarfjárfestingu, sem væri lagt fram af ábúendum, er dregið frá, verða eftir 36 099 þús. kr. Það samsvarar upphæð, sem nemur rúmlega 7 millj. kr. á ári í 5 ár.

Fram hjá einum þætti, sem snertir þessa áætlun, hefur alveg verið gengið, en það er breyting á eignarhaldi á eyðijörðunum og hugsanleg fjárbörf í sambandi við það. Varla er annað hugsanlegt en Jarðeignadeild ríkisins kaupi þær jarðir, sem væntanlegir ábúendur væru þá ekki reiðubúnir að kaupa. Ekki verður annað séð en að deildin sé skv. lögum skyldug að kaupa þær jarðir, sem eigendur hafa nýlega yfirgefið og ekki getað selt. Hér er því ekki verið að fara fram á nein sérstök hlunnindi. Að sjálfsögðu er hér aðeins átt við jarðir, sem nú eru í eyði, og sama gæti komið upp með jarðir, sem núverandi ábúendur færu frá.

Sú framkvæmdaáætlun, sem sett er upp hér að framan, er talsvert kostnaðarsöm og krefst allmikils fjármagns í lánunum og styrkjum úr opinberum sjóðum. Því er eðlilegt, að ýmsar spurningar vakni, þegar farið verður að taka ákvörðun um það, hvort ástæða sé til að koma áætluninni í framkvæmd. Hér skal minnst á nokkur atriði, sem svara þarf í því sambandi.

Spyrja má til dæmis: Er nauðsynlegt að byggja upp svo margar jarðir til að halda byggðinni við?

Aldrei verður hægt að setja fram ákveðna og óumdeilanlega tölu býla, sem þurfi að vera í byggð, til að félagsaðstaða í sveitinni verði hæfileg. Augljóst er þó að tala fullgildra bænda má ekki fara neitt að marki niður fyrir þetta lágmark til að félagsaðstaða verði samileg, t. d. með smalamennskur og margt fleira. Með þetta mikilli byggð væri og mestur hluti landkosta sveitarinnar hóflega nýttur. Ein eyðijörð stór og góð er þó ekki tekin með og fleiri minni.

Ef litið er á aðstöðu bænda í Skeggjastaðahreppi, sem lagt hafa fram ævistarfar sitt og fjármuni til að skapa sér skilyrði til atvinnu og búsetu, kemur fram, að þeir sitja nú uppi með aleigu sína, gagnslausa og verðlausa, ef þannig fer sem horfir.

að byggðin fari í auðn. Sama er að segja um þá sem þorpið á Bakkafirði byggja. Þessi þróun er á engan hátt sök þess fólks, sem þarna býr, heldur eru það breyttir þjóðfélagshættir, sem valda, en þó fyrst og fremst vanræksla þjóðfélagsins að veita þarna félagslega þjónustu til jafns við það sem annars staðar hefur verið gert. Það er ekki mikill munur á aðstöðu þessa fólks og þess, sem misst hefur sitt í náttúruhamförum.

Viðurkennt hefur verið, að þjóðfélaginu beri að bæta því fólki tjónið, sem fyrir slíku verður.

Að síðustu skal svo minnt á byggðastefnuna, sem nú er mjög höfð á orði og jafnvel einn liður í yfirlýstri stefnu núverandi ríkisstjórnar. Hér er mjög gott tækifæri til að sýna hana í verki.

Það byggðarlag, sem hér um ræðir og nú stendur höllum fæti, hefur fram til þessa fengið ákaflega smáar upphæðir af framkvæmdafé þjóðarinnar. Þrátt fyrir það hafa verið framleidd þar mjög mikil verðmæti, mest úr sjó en þó einnig talsvert af landbúnaðarvörum.

Náttúruskilyrði eru þarna góð bæði til sjós og lands, en til þess að hægt sé að nýta þau, þarf að skapa íbúunum viðhlítandi aðstöðu félagslega og atvinnulega, sem krefst eðlilega nokkurrar fjárfestingar.

Egilsstöðum, 10. apríl 1975.

Páll Sigbjörnsson.